

The Time Shop
J. H. Strømme, eigaði.
Fr. og gullsmiðu- og gullverksmiðu.
Arbeidsgætt verk.
Heimili: 6403 20th Ave. N. W.
SEATTLE WASH.

Fjar og nær

Hinir sögu og vinselu íslensku mánaðardagar, er séra, Rognvaldur Þórhjartsson hefur gefið út, nokkur undanfarnir ár, eru nú komnir á markaðinn. Er það árgangurinn 1926. Þeir ættu sérstaklega nú að vera auðugastir á hverju íslensku heimili hér vestra, sökum þess að nú eru myndir þær er á þá eru prentaðar, af Vestur-Íslendingum, eldri og yngri, í sambandi við 50 ára landsmásmælið, er haldið var hátiðlegt í sumar, og til minningar um það og af mönnum er að því stuðnu. Myndirnar eru af þessum mönnum: William Taylor, John Taylor, Sigtryggi Jónassyni, Einar Jónassyni, Olafi Olafssyni frá Espihóli, Birni Péturssyni, frá Eðum; séra Páli Þorlákssyni; séra Jóni Bjarnassyni; séra Magnúsi J. Skaptason; Jóhanni Magnúsi Bjarnassyni; Jóhannesi Sigurðssyni; Sveini Thorvaldssyni, og Vilhjálmi Stefánssyni.

Stutt áfgríp fylgir hverri mynd. Menn geta fengið þessa mánaðardaga, er að eins kosta 50 cent, með því að snúa sér til ráðsmanns Hkr. hr. Jakobs Kristjánssonar er annast um útsendingu þeirra, þaræft sálkvíggur um heimili síra Rognvaldar Þórhjartssonar.

Menn eru beðnir að muna eftir æfingunum, sem glúflegið Sleipnir heldur í kjallarasal Sambandskirkjunnar á hverjum fimtudegi. Ungir menn og unglingar bestast við í hópinn, og enginn íslenskur piltur ætti að sitja sig úr færi að nota þessi kvöld til þess að stæla, herða og prýða líkama sinn. Auk þess að temja sér íslensku glímu geta félagsmenn fengið ágæta tilsógn í hnífleikum og "Catch as catch can" hjá hinum ágæta og góðkunnna glímu meistara Péttri Sigurðssyni.

Blindi leikflokkskurinn.
Fyrir rúnum mánuði síðan var í Heimskringlu um að blindi leikflokkskurinn í Winnipeg (The Winnipeg Blind Players) hefði gefið sér ágæt orðstír er þeir léku "Gleraugun" (A Pair of Spectacles) í Playhouse leikhúsinu í Winnipeg, 24. október s. l. Var þá einnig dregið á efni og gefið stutt áfgríp af leikritinu. Þessi leikur var endurtekinn í Goodtemplarhúsinu 5. nóv. og tókst ágætlega. Á laugardaginn þann 12. þessa mánaðar ætla flokkskurinn að sýna hann í Brandon. Þar næst kemur flokkskurinn aftur til Winnipeg og sýnir leikinn í Walker leikhúsinu þann



David Cooper C.A.
President
Vinnuþarþekking þýtur til þín glæsilegri framtíð, betri stöðu, herra kaup, meira traust. Með henni getur þú komist á rétta hlið í þjóðfélaginu.
Þú getur öðlast mikla og not hafa vinnuþarþekkingu með því að ganga á

Dominion Business College

Fullkomna vinnuþarþekking í Canada.
301 NEW ENDERTON BLDG.
Portage and Hartgrove
(næst við Eaton)
Sími A 3651

16. þessa mánaðar, eftir miðdag og að kvöldi þess dags. Agóðinn verður þá lagður í Tribune Empty Stocking Fund og verður varið til þess að kaupa jólagjafir handa fátækum og munabarlansum börnum. Svo hrifnir voru fjöldi áhorfenda af leiknum að þeir kváðust aldrei betur hafa skent sér í leikhúsi í Winnipeg, og er þá nokkuð mikið sagt. Þess ber auðvitað að gæta að það að framleiða leik á leiksviði svo vel jakist, er afleiðing af þröðum andlegum fimleika: Í fyrsta lagi hjá höfundinum sem hefur varið oft löngum tíma og hugsum í að semja leikritið. Í öðru lagi hjá þeim sem stjórna og æfir leikflokkin, og í þriðja lagi hjá leikendunum sjálfum sem hafa eytt vikum saman í það að klæðast miðils- hjúp hugmynda höfundarins og gjöra þær að lifandi mynd. Þegar þetta er athugað, og svo líka hitt, að þegar dæmt er um hvort leikur hafi tekið vel eða ekki, verður dómurinn ekki visindaleg sönnun — við hellum ekki leik af leiksviðinu í prófglas til þess að rannsaka innihald þess, nema þá á andlegum skilningi — þá sést það glögt að það eru áhrifin sem mest er um vert. Dómurinn er ekki óháður vegna þess að hann verður ekki sannaður visindalega, en áhrifin sem leikurinn hefur á okkur finnum við og dæmum svo.

Það eru þessi góðu áhrif sem leikurinn "A Pair of Spectacles" hefur á áhorfendur sem veldur því að honum er aldaðar hrósað þar sem hann er leikinn af Blindu leikflokkinum. Og enn þá gefst kostur á að sjá leikinn bæði í Brandon og hér í Winnipeg (á Walker leikhúsinu). Leikýningunni er stjórnað af hr. Olafi A. Eggertssyni, sem æfir flokkinn af mikilli snið. Það er eftirtektaf og hrósvort, að arðinum af sýningu leiksins í Walker leikhúsinu þann 16. þ. m. verður varið til Tribune Empty Stocking Fund.

H. E.

Ungmennafélagið Aldan heldur fund, miðvikudaginn 16. þ. m., kl. 8 síðdegis, að heimili Emily Anderson, 605 Agnes St.

Eldur kom upp í hási Óla Arasonar, sex millur suður af Glenboro, sunnudagsnóttina 29. nóv., kl. 3. Fólk bjargabist með naumindum, en Mr. Arason varð yfirkominn af reykvíð björgunartilraunir, svo að hann hefur legið hættulega veikur síðan.

Síðara hefti fyrsta árgangs "Sögu", tímaritsins er P. D. Þorsteinsson skáld gefur út, er nú alveg nýlega komið á markaðinn. Höfundurinn er ekki haft tíma til þess að lesa það með þeirri athygli, er það verðskuldar, en óhætt er að full- yrða að þar er ágætur jólagestur á ferðinni til íslenskra heimila. Eftir er fjölbreytt, langmest skrifað og þýtt af höfundinum sjálfum, sem er alkmur smekk og gáfumaður. Alveg ljómandi fallleg jólasaga er þar t. d., um kottinn Hring, ásamt fleiri sögum, gamansömum og alvörugum. Hver sem kaupir, gerir með því sjálfum sér greiða, meiri en höfundinum, en á því byggist tilveru- og starfsréttur höfundarins.

Ungmennafélagið Aldan þakkar öllum, er komu á basar félagsins á mánudags- og þriðjudagskvöld. Sessuna sem dregið var um hlaut Mrs. Thorkelsson, 738 Arlington Street, og vann hún á nr. 137. Borðdregil.

Miss H. Kristjánsson

Kennir

Kjólasmum

Vinnustofa 582 Sargent Ave.,
Talsími A-2174.

Beauty Parlor

will be opened the 9th of October
at 623 SARGENT AVE.
MARCEL BOB, CURL, 36-38
and Beauty Culture in all branches.
Hours: 10 A.M. to 6 P.M.
except Saturdays to 9 P.M.
For appointment Phone B 3613.

fun vann Mrs. Margrét Anderson,
48 Ellen Street. Vann hún á nr. 80.

TIL JÓLAGJAFNA

Niður hjarnið. Skáldsaga eftir
eignar Gunnar Benediktsson ný-
útkomin \$2.00
Nýju Skólaþjóðin \$1.00
Olafur S. Thorgeirsson.
674 Sargent Ave., Wpeg.

TIL MINNIS.

"Sögu"lausir menn eru eins og
skottlausir refurinn. Kantu þá
sögu?

Ert þú áskrifandi "Sögu"?
Söguþjóð! les "Sögu!"
Það kostar að eins tvo dala um
árið að sitja á Sökkvabekk með
"Sögu."

Greypu nafn þitt á "Sögu"spjöld-
in. Þar geymist það best.
Vertu fyrstur manna í héraði þínu
að eignast "Sögu" og lesa hana
sjálfum þér og öðrum til gagns og
gleði á heimilinu og á samkomunum.
"Saga", 732 McGee St., Winnipeg.

Athugið.

Allir þeir, sem keypt hafa ljósmæli-
min "Hljómbrot" og hafa enn ekki
borgað þau, eru hér með vinsam-
lega beðnir að senda andvirði
nefndrar bókar (við fyrsta tækifæri)
til undirritaðs að 854 Banning Str.
Winnipeg.

M. Markússon.

ABRAHAM LINCOLN

Æfisaða í bandi \$3.00
VORMENN ISLANDS
I bandi \$2.75

Þetta eru bestu jólagjafirnar sem þú
getur sent vinnu og vandanömmum.

Jón H. Gíslason

409 Great West Perm't Bldg.,
Winnipeg, Man.

Helztu tilgátur þ.s.frv.

(Framh. frá 7. síðu)

Einhver einkennilegasta breyti-
þróunin á þessu sviði er kenning
Buffons (1707—1788). Buffon var
einhver hinna merkasti náttúrufræð-
ingur Frakkna á 18. öldinni, og hinn
skarpvitrasti maður. Hann gat
ekki felt sig við tilgátuna um skyndi-
lifun eins og hún var víðtækust,
en hallaðist frekar að síðari tilgát-
unni um að líf kviknaði úr mold fyr-
ir samruna hinna lifprungustu efna
jarðar. Hann setti sig þó ekki til
lengdar við þessa hugmynd, en
breytti henni á þann veg, að hin lif-
prungu efni, er líf gæti af kviknað,
væri ekki í jörð að finna, en í lík-
num lifandi vera. Hinar öðru-
stu sameindir efis hugar Buffon
sér eins og feldar í sérstæð mót í
líkama sérverrar lifveru; þegar lif-
veran deyir og líkami hennar rotnar,
þá leysast þessar frumeindir úr
skorbum þeim, er þær áttu sér, en
þær deya ekki; þær eru eigin lífi
gæddar og brestast ekki, þótt lík-
aminn deyi. Þegar frumeindirnar
loena úr læðingi losast úr samböndum
þeim, er þær störfuðu í, meðan lif-
veran var í fullu fjöri, þá eru þær
til taks að mynda nýjar lifverur,
nýja líkami, og starfa að vexti og
viðgangi þeirra.

Buffon áleit að þessar frumagnir
lifandi, lífs gætu eigi kviknað af
sjálfáðáðum né myndast af "daubu"
efni. Hér er því eigi aðeins um líf-
rænt, heldur og um lifandi, liffrjött
efni eða efnistengd að ræða. Og
efni þetta er ódaðlegt. En Buff-
on reynir ekki að leysa ráðgátuna
um tilkomu hins fyrsta lífsneista á
jarðri, um uppruna hinnar fyrstu
lifveru.

Skóður Buffons átti allmiku gengi
að fagna meðal franskra visinda-
manna fram yfir miðja 19. öld, það
er að segja þangað til Pasteur var
búiinn að sýna fram á það með
rannsóknnum sínum, að hún átti við
engin rök að styðjast. Enda var
þá og lífeðlisfræðin búið að sýna
fram á það, að víðkoma lífs verður
að eins með þrennu móti: frumu-
skifting, frjóttungun og eggtingun.
Má minna á, að náttúrufræðingurinn
Schwann reit árið 1839: 1. Allar lif-
andi verur eru byggðar úr frumum.
2. Allar lifandi verur framleiða
frumur. 3. Allar lifandi verur eru
upphaflega af eins einfruma. Fara
því visindamenn nú að snúa sér að

því, að leita að fyrsta uppruna hinna
fjölmörgu, ættila lifveranna á
hnetti vorum. Og snúast tær hin-
ar síðustu tilgátur um uppruna lífs-
ins, er nefndar voru hér að framan,
því nær eingöngu að leit þessari.

Þá fyrst, er jarðfræðin og efna-
fræðin eru komnar af barnsaldrin-
um, fara hugmyndir mann um aldur
og uppruna lífs og lifvera að styð-
ast við þekkingu. Tilgáturarnar eru
nú ekki lengur gerðar út í bláinn. —
Efnafræðingar taka nú að rýnast
eftir og stæla aðferðir náttúrunnar
til þess að framleiða efni þau, er
nefnd eru lifræn efni. Svo eru
fræðigreinar þessar ungar, að
heita má að það sé ekki fyr en um
miðbik 19. aldar, að reksþólar kemst
á rannsóknir viðvikjandi þriðju hug-
myndinni, er nefnd var hér að framan,
um uppruna lífs á jörðu.

Samkvæmt kenningum Laplace er
sólkerfi vort myndað úr himinþoku.
er runnið hefur saman og orðið úr
glóandi hnetti. Kolna hnetti
þessir smám saman, og myndast þá
skorpa á yfirborði þeirra. — Þannig
er jörðin til orðin. Skiftar eru
skoðanir um aldur jarðar. Telur
Kelvin lávarður hann um 20 milljónir
ára, en margir jarðfræðingar álíta,
að nær 40 milljónir ára sé eigi ólík-
legur aldur.

Þá er hitinn tók að minka, hafa
lífskilyrði smám saman myndast á
yfirborði jarðar og lifandi efni
og lifverur komið fram. Í allra elztu
jarðlögum finnst engin vegsum-
merki lifandi lífs, engir steingjörv-
ingar. Auðvitað er þetta ekki næg
sönnun þess, að líf hafi þá eigi átt
sér stað á jörðu. En hafi ein-
hverjar lifverur þá verið til orðnar,
hljóta þær að hafa verið einkar ó-
fullkomnar, og þess eðlis, að þær
gátu hvorki orðið að steingjörving-
um né eftirlífið varanleg merki um
sjálfa sig.

Öðru máli er að gegna með næst
elztu jarðtíðabili: Í jarðlögum frá
þeim tíma finnst svo margir stein-
gervingar jurta og lægri dýra, að
fræðimenn telja að rekja megi upp-
tök allra aðallokka nútímans bæði í
dýra- og jurtaríki frá tegundum
þeim, er þá byggðu hnött vorn.

Ætlanir fræðimanna um uppruna
lífs á jörðu og eðli þess hafa eigi
allar hallowt á eina sveif. Má skíta-
þeim í tvo aðalflokk, efnishyggju-
og andhyggjuflokk. Efnishyggju-
menn álíta, að lífið sjálft sé eðlileg
og afleidd eigin af myndum ýmsra
lifræna efna úr ólifrænum efnum
og samruna vissra tegunda lifræna
efna. Verði þá fyrst lifandi efni
og síðan lifvera — en hún dafni og
þróist samhljóða örjúfanlegu lög-
máli efna þeirra, er fyrirfinnst í
sjálfri henni og í umhverfi hennar.
Skapst svo fjölbreytni jurta og dýra
fyrir efnishyggju einar og eink-
um umhverfis lifverunnar.

Andhyggjumenn þar á móti ætla,
að lífið sé eðlilegt frá upphafi, sé
sjálfstætt og sérstakt náttúruafli
á svipaðan hátt og raforka eða þyngd-
arafli. Taki lífsaflið á sig stundar-
gerfi efnis hér í efnishémi, og lúti
efnið gjorsamlega eðli og lögmáli
lífsins.

Efnishyggjumenn eru í miklum
meiri hluta á þessu sviði, og eigi er
því að neita, að þeir standa enn sem
komið er á raunvisindalegri grund-
velli en andhyggjumenn, þá er um
uppruna jarðlífs er að ræða. Afdrif
þess láta þeir enn sem komið er
minna til sín taka. Andhyggju-
menn virðast þar á móti á meir snúa
sér frá sjálfri ráðgátunni um upp-
runa lífsins og beina æ meir athygli
sínni að fráhaldi þess og afdrif-
unni eftir dauðann. Kenningar
þessara tveggja flokka hafa jafnan
verið nefndar véran og andræn.
Hefur vélræna kenningin á hástigi
sínu leitt til þess, að álíta, allar lif-
verur haganlega og fjölbreyttar vél-
ar, sannnefnd völdararmíði. And-
ræna kenningin — Vitalismen —
leiddi smám saman til þess að álíta,
að alger aðgreining væri milli lif-
ræns og ólifræns efnis, milli hinna
lifandi og dauðu náttúru. Fór hún
þar í öfgar, er féllu um sjálfa sig,
er reynsla fékst fyrir því, að ólif-
ræn efni umbreytast stöðugt í lifræn
efni á ýmsan hátt, t. d. fyrir sam-
starfi blaðgrænu jurtanna og sólát-
ljóssins. — Framh.

Lightning Shoe Repairing

Sími N° 8784
328 Hargrave St. (Nálagt Ellice)
Skó og stíglar bót til eftir máli
Lítið eftir fótaleikunum.

KAUPIÐ JÓLATRE AF

J. W. Thorgeirsson
Sölupláss á móti
Gootemplarhúsinu.
Verð frá 25 cent og upp.
Sent heim ef óskað er.
Sími J-1869.

Frá Íslandi.

Jakob Kristinsson og frú hans,
voru meðal farþega á Botni til Ís-
landa í fyrradag. Þau ætla fyrst um
Leith til Lundúna, þaðan til Parísar
og Ítalíu. Dvelur frúin í Ítalíu
meðan séra Jakob fer til Egypta-
lands og Indlands. Hann ætlar að
dvelja hálfsmánaðartíma í Egypta-
landi og sex vikna tíma í Indlandi.



Tilgerðir Turkeys

sérgræin vor

Hæsta verð borgað, þegar þér sendið alifugla yðar:—
Turkeys, Hænsni, Endur og Gæsir. — Ennig RJOMA,
Egg og Smjör. Til

T. Elliott Produce Co., Ltd.
57 Victoria Street
Winnipeg, Man.

REMINGTON HANDBÆRA RITVÉL

Nothæf við:— NAM — VERZLUN — EINKABRJEF
og SKJÖL.

Borgunarskilmálar, ef óskt er.

REMINGTON TYPEWRITER CO.
OF CANADA, LTD.
210 Notre Dame Ave. Winnipeg, Man.

Swedish American Line

TIL ISLANDS ÞRÍÐPA PLÁSS \$122.50.

Siglingar frá New York:
Miðvikudag, 9 des., m.s. "GRIPSHOLM" (nýtt)
"Þriðjudag, 5. jan. 1926, "STOCKHOLM"
Fimmtudag, 14. jan., M. S. "GRIPSHOLM"
"Laugardag, 6. febr., S.S. "DROTTNINGHOLM"

**Kemur við í Halifax, Canada, á austurleið.

SWEDISH AMERICAN LINE
470 MAIN STREET.



SCANLAN

\$25

Vér erum ávallt á undan með besta karlmannafötum á verði sem

Sparnaður við verslunina svo sem lág húsaleiga ódýr búðargögn,
óðýrar auglýsingar, þeningaverslun, mikil umsetning, inn kaup í stór-
um stíl og lítil ágóði, gera oss mögulegt að selja á miklu lægra
verði.

Vér skrumum ekki — Vér bygjum fyrir framtíðina.
Komið og sjáð. Þér verðið ekkilfrítt vandrögum.

Scanlan & McComb
ÓDYRARI
BETRI KARLMANNAFÖT
257 PORTAGE AVENUE
Hornb & Carlton.



HUGSID!


\$30

Bezta Karlmanna

Föt og Yfirfrakkar

Vér bygjum fyrir framtíðina.
Komið og sjáð. Þér verðið ekkilfrítt vandrögum.

Scanlan & McComb
ÓDYRARI
BETRI KARLMANNAFÖT
257 PORTAGE AVENUE
Hornb & Carlton.



McComb

\$35

Bezta Karlmanna

Föt og Yfirfrakkar

Vér bygjum fyrir framtíðina.
Komið og sjáð. Þér verðið ekkilfrítt vandrögum.

Scanlan & McComb
ÓDYRARI
BETRI KARLMANNAFÖT
257 PORTAGE AVENUE
Hornb & Carlton.